



Reykjavík, 15. apríl 2024

VEL24040017

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Tímabundið samkomulag við Félagsbústaði vegna húsnæðis á Skeggjagötu*

Lagt er til að velferðarráð samþykki samkomulag við Félagsbústaði um greiðslu kostnaðar vegna mögulegra skemmda húsnæðis að Skeggjagötu 1. Hámark þeirrar fjárhæðar sem velferðarsvið ábyrgist nemur 20 m.kr. á gildistíma samkomulags. Velferðarsvið gerir ráð fyrir að hagræða innan sviðsins fyrir væntanlegum kostnaði.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 5. október 2022 var kostnaðarmetin tillaga um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislauða karla lögð fram og vísaði velferðarráð henni til fjárhagsáætlunargerðar. Ekki fékkst aukin fjárheimild fyrir rekstrinum og var því lagt til að breytingar yrðu gerðar á áætlun ársins 2023 með það að markmiði að fjármagna neyðarhúsnæðið af öðrum liðum innan sviðsins, sem var gert.

Í samkomulaginu felst að velferðarsvið tryggir Félagsbústöðum hf. greiðslur vegna mögulegra skemmda/slæmrar umgengni á húsnæðinu að Skeggjagötu 1. Um er að ræða húsnæði fyrir sex íbúa og er það rekið sem sérstakt tímabundið húsnæði. Skilyrði er að Félagsbústaðir hafi krafið leigutaka um greiðslu vegna skemmda sem orðið hafa og því ekki sinnt innan 45 daga.

Rekstur úrræðisins og þjónusta við leigutaka er í höndum Vesturmiðstöðvar og er samrekið með Njálsgötu 74. Leigusamningur og þjónustu- og búsetusamningur verður gerður til þriggja mánaða í senn þrátt fyrir ákvæði í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði um að samningar skuli almennt vera gerðir til að lágmarki sex mánaða í senn.

Samkomulagið gildir þann tíma sem vinna starfshóps um sjálfbærni Félagsbústaða stendur yfir en þó ekki lengur en til tólf mánaða frá undirritun þess.

Fylgiskjal:

Samkomulag um greiðslu kostnaðar vegna skemmda á húsnæði í eigu Félagsbústaða hf. að Skeggjagötu



Reykjavík